

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 249 29. júní 1992.

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr staflíður svohljóðandi: h. samfélagsþjónustu og breytingar á tímalengd hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. mars 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ragnheiður Harðardóttir.*

## AUGLÝSING

um umferð á Hvolsvelli.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Hvolhrepps, hefur verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verði á vegarspotta af Nýbýlavegi, við leikskóla, framhá tónlistarskóla, að beygju á Hvolsvégi vestan (Gömlubúðar) húss nr. 32.
1. Stöðvunarskylda verði við bygju á Hvolsvégi, við hús nr. 32, þegar komið er frá Hlíðarvegi.

Viðeigandi umferðarmerki skal setja upp, til leiðbeiningar öikumönnum.  
Ákvörðun þessi tekur gildi 1. apríl 1997.

*Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, 3. mars 1997.*

**Friðjón Guðröðarson.**